**Viðauki 11**

# Jónína S. Lárusdóttir
## ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins

10.1. Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis – sent 9. febrúar 2010

10.2. Bréf vegna framlengingar á fresti til andmæla – sent 17. febrúar 2010

10.3. Svarbréf frá Jónínu S. Lárusdóttur til rannsóknarnefndar Alþingis – móttekið 24. febrúar 2010

10.3.1. Fylgiskjöl með svarbréfi frá Jónínu S. Lárusdóttur

Reykjavík 2010

Reykjavík, 9. febrúar 2010.

Móttekið 9/2 '10
Jónína S. Lár

Fr. Jónína S. Lárusdóttir

I.

Með lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, var komið á fót sérstakri rannsóknarnefnd til þess að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Nefndinni var einnig falið að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og loks hverjir kynnu að bera ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal nefndin gera þeim, sem ætla má að orðið hafi á mistök eða orðið hafi uppvísir að vanrækslu í starfi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun á þeim atriðum sem varða þátt þeirra í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til þess atriðis sem tilgreint er í III. kafla bréfsins.

II.

Eins og áður segir skal rannsóknarnefnd Alþingis leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að hér sé athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa á þessum sviðum.[1] Þá er tekið fram að með mistökum og vanrækslu sé ekki aðeins vísað til þess þegar tilteknar athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða þegar vanrækt sé að fylgja lagaboði. Fleira geti fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá geti það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.[2]

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skal rannsóknarnefnd Alþingis einnig leggja mat á hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum og þá innan þess ramma sem starfi rannsóknarnefndarinnar er markaður

[1] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.
[2] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

í lögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að með þessu færist sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt sé hver tók tilteknar ákvarðanir eða hver átti að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þurfi bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni.[1] Eins og áður sagði skal rannsóknarnefndin samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008 gefa þeim einstaklingum sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, í framangreindum skilningi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Þetta ákvæði á einvörðungu við um þá einstaklinga sem nefndin telur að kunni að bera ábyrgð á svo alvarlegum athöfnum eða athafnaleysi að hún telur rétt að heimfæra það undir „mistök eða vanrækslu“ í skilningi 1. gr. laganna eins og skýra ber hana með hliðsjón af framangreindum lögskýringarsjónarmiðum. Í skýrslu nefndarinnar kann því að verða fjallað um fleiri atriði vegna starfa yðar sem ráðuneytisstjóra sem nefndin telur aðfinnsluverð þótt nefndin telji þau ekki falla undir hugtökin „mistök eða vanrækslu“ í framangreindri merkingu laganna. Nefndin vísar jafnframt til þess að við skýrslutöku fyrir nefndinni var rætt við yður um mörg af þessum atriðum. Nefndin tekur fram að við mat á því hvaða atriði í störfum yðar, athafnir eða athafnaleysi, kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu“ í framangreindum skilningi, og yður er hér gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir um, hefur nefndin sérstaklega horft til hvað telja megi að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar.

Þau atriði sem yður er hér með veitt tækifæri til að koma að skriflegum athugasemdum um í samræmi við 13. gr. laga nr. 142/2008 lúta að störfum yðar sem ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu og setu yðar í samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Til þessa samráðshóps var stofnað með samkomulagi þessara aðila 21. febrúar 2006. Í því var kveðið á um að á fundum hópsins yrði m.a. fjallað um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn og álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES. Undir liðnum viðbúnaður og verklag í samkomulaginu sagði: „Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir.“ Í upphafi samkomulagsins sagði: „Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“

Í 10. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands er tekið fram að ráðuneytisstjórar stýri ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, bæði áðurgildandi reglugerð nr. 3/2004 og núgildandi nr. 177/2007, fór viðskiptaráðuneytið á þeim tíma sem hér um ræðir með mál sem vörðuðu fjármálamarkað. Meðal laga á málefnasviði viðskiptaráðuneytisins voru lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

[1] Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

III.

Við rannsókn nefndarinnar hefur komið fram að í ágústmánuði 2008 komu fram fyrirspurnir frá erlendum stjórnvöldum og innstæðutryggingarsjóðum um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í kjölfarið fylgdu auk þess fyrirspurnir um hvort og þá hvernig yrði hagað hugsanlegri aðkomu íslenska ríkisins ef Tryggingarsjóðurinn gæti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar. Þessum fyrirspurnum var meðal annars beint til viðskiptaráðuneytisins og það ráðuneyti eða starfsmenn þess svöruðu þeim að jafnaði fyrir hönd Stjórnarráðsins. Áður en þessar fyrirspurnir bárust hafði ítrekað verið rætt um málefni Tryggingarsjóðsins á fundum þess samráðshóps stjórnvalda sem þér áttuð sæti í og hversu greiðslugeta hans væri lítil ef til verulegra áfalla kæmi í rekstri íslensku fjármálafyrirtækjanna. Nefndin tekur fram að henni er kunnugt um að þér voruð í leyfi frá störfum ráðuneytisstjóra frá miðjum desember 2007 til 1. ágúst 2008 og tókuð því ekki þátt í starfi samráðshópsins á þeim tíma.

Af fyrirliggjandi gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað, þ.m.t. úr starfi samráðshópsins og tölvupóstsamskiptum fulltrúa í hópnum og starfsmanna viðskiptaráðuneytisins, er ljóst að í kjölfar hinna erlendu fyrirspurna komu fram mismunandi sjónarmið af hálfu fulltrúa þeirra ráðuneyta og stofnana sem aðild áttu að samráðshópnum um hvert væri inntak þeirra skyldna sem íslenska ríkið hefði tekið á sig á grundvelli EES samningsins um innleiðingu á tilskipun nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi. Beindist þetta sérstaklega að því hvort ríkissjóði Íslands væri skylt, og þá með fjárhagslegri aðkomu, að gera Tryggingarsjóðnum kleift að standa við greiðslu á þeirri lágmarksfjárhæð sem kveðið væri á um í lögum um sjóðinn og áðurnefndri tilskipun til allra innstæðueigenda í íslensku bönkunum, hvort sem það væri í útibúum hér á landi eða erlendis. Mismunandi viðhorf að þessu leyti leiddu að ákveðnu marki til þess að tafir urðu á svörum við fyrirspurnum hinna erlendu aðila. Þetta hafði einnig áhrif þegar kom að orðalagi þeirra svara sem íslensk stjórnvöld sendu frá sér. Fyrir liggur að af hálfu íslenskra stjórnvalda var ekki leitað sérstaklega eftir lögfræðilegu mati eða ráðgjöf sérfræðinga utan ráðuneytanna um þetta atriði fyrr en eftir fall bankanna. Þá hafa heldur ekki komið fram gögn sem sýna að umrætt atriði hafi verið sérstaklega kannað á þessum tíma af hálfu þeirra starfsmanna ráðuneytanna sem komu að málinu umfram það að lesa áðurnefnda tilskipun.

Rannsóknarnefndin hefur til athugunar hvort í tilviki yðar sem ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu, og þar með því ráðuneyti sem fór með málefni laga um innstæðutryggingar og starf sjálfseignarstofnunarinnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, teljist það hafa verið vanræksla í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan að þess hafi ekki verið gætt, og þá með tillögugerð til ráðherra þar um, að leggja nægjanlegan lögfræðilegan grundvöll að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en til þess kom að ráðherrum var veitt ráðgjöf, m.a. af hálfu yðar, um málið og lagður var grunnur að efni svara íslenskra stjórnvalda í tilefni af fyrirspurnum sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum.

Rannsóknarnefnd Alþingis

IV.

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til framangreindra atriða. Þess er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 16.00 hinn 19. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski. Ef þér teljið yður þurfa að fá aðgang að skjalasafni viðskiptaráðuneytisins til þess að koma að viðhorfum yðar er þess óskað að þér látið rannsóknarnefndina vita sem fyrst svo greiða megi götu yðar í því efni.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,

Páll Hreinsson

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 17. febrúar 2010.

Fr. Jónína S. Lárusdóttir

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til yðar frá 9. febrúar 2010 þar sem yður var veitt tækifæri til að koma athugasemdum yðar á framfæri við nefndina á grundvelli 13. gr. laga nr. 142/2008 um afmörkuð atriði.

Þar sem hluti þeirra, sem veitt var færi á að koma að slíkum athugasemdum, hefur óskað eftir lengri fresti til þess að koma þeim á framfæri, hefur rannsóknarnefndin ákveðið að framlengja umræddan frest til miðvikudagins 24. febrúar nk..

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur frestur til þess að koma viðhorfum yðar á framfæri við nefndina og er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 17.00 hinn 24. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað sem fyrr að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,

Páll Hreinsson.

Reykjavík, 24. febrúar 2010

Rannsóknarnefnd Alþingis
Skeifunni 19
Pósthólf 8125
108 Reykjavík.

**Efni: Svar Jónínu S. Lárusdóttur við bréfi rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 9. febrúar 2010.**

I. Almennt.

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 9. febrúar 2010, þar sem undirritaðri var með vísan til 13. gr. laga nr. 142/2008 veittur kostur á að koma að skriflegum athugasemdum um atriði sem nefnd voru í bréfinu og lúta að störfum mínum sem ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu og setu minni í samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað („samráðshópurinn“).

Samkvæmt tilvitnuðu bréfi hefur rannsóknarnefndin það til athugunar hvort í tilviki undirritaðrar sem ráðuneytisstjóra teljist það hafa verið vanræksla í merkingu 1. gr. laga nr. 142/2008 að þess hafi ekki verið gætt, og þá með tillögugerð til ráðherra þar um, að leggja nægjanlegan lögfræðilegan grundvöll að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en til þess kom að ráðherrum var veitt ráðgjöf, m.a. af hálfu undirritaðrar, um málið og lagður var grunnur að efni svara íslenskra stjórnvalda í tilefni af fyrirspurnum sem borist höfðu frá erlendum stjórnvöldum, einkum breskum.

Óljóst er af bréfi rannsóknarnefndarinnar á hvaða forsendum hún hafi til athugunar hvort undirrituð hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi. Samkvæmt bréfi nefndarinnar beinist athugun hennar að þeim fyrirspurnum frá erlendum stjórnvöldum og innistæðutryggingasjóðum sem komu fram í ágústmánuði 2008 um stöðu Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta („TIF“), og að þeim fyrirspurnum sem fylgdu í kjölfarið um hvort og þá hvernig yrði hagað hugsanlegri aðkomu íslenska ríkisins ef TIF gæti ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar. Ekki er nánar tilgreint hvaða fyrirspurnir frá erlendum stjórnvöldum eða innstæðutryggingarsjóðum eða svör íslenskra stjórnvalda nefndin hefur í huga þegar hún metur hvort um vanrækslu sé að ræða af hálfu undirritaðar, né heldur hvaða ráðgjöf hún er með í athugun. Þá hefur nefndin hvorki sent undirritaðri þá kafla skýrslunnar sem fjalla um ávirðingarnar né þau gögn sem hún byggir athugun sína á. Þannig er óljóst í hvaða samhengi eða á hvaða grunni nefndin byggir athugun sína á meintri vanrækslu minni. Er því örðugt um vik að neyta andmælaréttar.

Það torveldar mér einnig að nýta andmælarétt minn að í bréfi rannsóknarnefndarinnar er ekki vísað til þess hvaða ákvæði stjórnsýslulaga, góðra stjórnsýsluhátta eða venju undirrituð kann að hafa brotið gegn að mati nefndarinnar. Þá vil ég benda á að lög nr. 142/2008 voru sett eftir að þeir atburðir gerðust sem rannsóknarnefndin á að rannsaka. Í 2. málslið 1. mgr. 1. gr.

laganna er kveðið á um að rannsóknarnefndin skuli leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Sú spurning vaknar hvort sú athugun sem beinist að mér teljist vanræksla við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni. Rannsóknarnefndin hlýtur að þurfa að túlka hugtakið vanræksla í samræmi við þau lög, góða stjórnsýsluhætti og venjur sem í gildi voru þegar viðkomandi atburðir gerðust, sbr. t. d. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Annars væri um að ræða afturvirka beitingu laga. Skiptir þetta sérstaklega máli fyrir undirritaða þar sem hún gegnir enn því starfi sem hún sinnti á umræddu tímabili.

Framangreind atriði hafa mikla þýðingu í ljósi þess að niðurstaða rannsóknarnefndarinnar, ef hún reynist neikvæð í minn garð, getur hæglega leitt til þess að starfsheiður minn og mannorð bíði hnekki þannig að áhrif hafi á núverandi starf mitt og framtíðar atvinnumöguleika. Þannig getur niðurstaða nefndarinnar haft áhrif á aflahæfi mitt, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Ég treysti því að rannsóknarnefndin taki fullt tillit til ofangreindra athugasemda við úrlausn þess hvort ég hafi sýnt af mér vanrækslu í merkingu 1. gr. laga nr. 142/2008, og fari gaumgæfilega yfir þau atvik og sjónarmið sem ég færi fram í bréfi þessu.

II. Afmörkun málsins og athugasemda.

Eins og fyrr segir tilgreinir bréf rannsóknarnefndar Alþingis ekki með nákvæmum hætti þær fyrirspurnir erlendra stjórnvalda og þau svör íslenskra stjórnvalda sem hún beinir athugun sinni að. Mér sýnist þó að sú fyrirspurn sem einkum hljóti að hafa þýðingu í athugun nefndarinnar sé frá breska fjármálaráðuneytinu, dags. 7. ágúst 2008, en henni var svarað fyrir hönd stjórnvalda með tölvupósti, dags. 14. ágúst 2008, og með bréfi, dags. 20. ágúst 2008. Stjórnvöld sendu síðar breska fjármálaráðuneytinu annað bréf um sama málefni, dags. 5. október 2008, í kjölfar viðræðna ráðuneytanna um málefni TIF og mögulegar fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB, og ætla ég að þetta svar hafi einnig þýðingu í athugun nefndarinnar. Andmæli mín munu því að verulegu leyti einskorðast við aðkomu undirritaðrar að framangreindum bréfaskiptum.

Ég var skipuð ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu 1. ágúst 2007, en var í fæðingarorlofi frá miðjum desember 2007 til 1. ágúst 2008. Á þeim tíma hafði ég ekki upplýsingar um starf samráðshópsins. Umfjöllun um það sem gerðist á því tímabili er því byggð á þeim gögnum og upplýsingum sem ég fékk eftir að ég kom til baka til starfa.

Í kafla III í þessu bréfi mun ég fjalla um þá stöðu sem uppi var og þær ákvarðanir og yfirlýsingar sem lágu fyrir þegar ég kom til baka til starfa 1. ágúst 2008. Sýnir sú umfjöllun að ráðherrar höfðu tekið margvíslegar stefnumótandi ákvarðanir um aðkomu ríkisins að bankakerfinu ef í óefni færi. Inntak svarbréfa íslenskra stjórnvalda, dags. 20. ágúst 2008 og 5. október 2008, voru í beinu framhaldi af þeim yfirlýsingum. Í kafla IV fer ég yfir þá sérþekkingu í viðskiptaráðuneytinu sem var á tilskipun 94/19/EB, þá lögfræðilegu greiningu sem gerð var og að viðskiptaráðherra hafi verið gerð grein fyrir öllum sjónarmiðum. Þannig hafi ég uppfyllt þá skyldu mína sem ráðuneytisstjóri að upplýsa ráðherra. Í kafla V færi ég rök fyrir því að skriflegt lögfræðiálit hefði engu breytt fyrir efni svarbréfa íslenskra stjórnvalda, dags. 20. ágúst 2008 og 5. október 2008. Í kafla VI fer ég yfir að umrædd bréf fólu hvorki í sér greiðsluskuldbindingu af hálfu íslenska ríkisins né hafi þau haft neikvæð áhrif á hagsmuni ríkisins. Bréfin hafi þar af leiðandi ekki orsakað fall bankanna, né höfðu þau áhrif á afleiðingar bankahrunsins, og þaðan af síður hafi ráðgjöf mín til ráðherra haft slíkar afleiðingar. Þetta atriði skipti verulegu máli að því er varðar vanræksluhugtakið skv. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í kafla VII færi ég rök fyrir því að það hafi staðið fjármálaráðuneytinu nær

að leggja frekari lögfræðilegan grundvöll að málinu, ef rannsóknarnefndin telur að hann hafi ekki verið nægjanlegur. Í þeim kafla rek ég einnig að fyrra svarbréfið, dags. 20. ágúst 2008, var sent frá viðskiptaráðuneytinu eftir að drög höfðu gengið á milli viðskiptaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins, farið hafði verið yfir málið í samráðshópnum og þrír ráðherrar höfðu lagt blessun sína yfir það. Seinna svarbréfið, dags. 5. október 2008, fór fyrir tvo ráðuneytisstjóra, fjóra ráðherra og formann stjórnar FME áður en það var sent. Í kafla VIII er loks að finna samantekt á málinu.

III. Staða mála 1. ágúst 2008.

Nauðsynlegt er að draga fram þá stöðu sem uppi var og þær ákvarðanir og yfirlýsingar sem lágu fyrir þegar ég kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof hinn 1. ágúst 2008. Er þar var komið sögu hafði um langt skeið verið afar mikill órói á fjármálamörkuðum hér heima og erlendis. Olli þetta margs konar áhyggjum innan Stjórnarráðsins og hafði samráðshópurinn haldið tíða fundi á árinu 2008 sökum þessa. Landsbanki Íslands var sérstakt áhyggjuefni í þessu sambandi vegna innlánsreikninganna sem voru í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, en Glitnir og Kaupþing höfðu í mun ríkari mæli safnað innlánum erlendis í dótturfyrirtækjum þar. Innlánin voru orðin mjög veigamikill þáttur í heildarfjármögnun íslensku bankanna, einkum Landsbankans og Kaupþings. Þá var það ennfremur sérstakt áhyggjuefni að fall stórra erlendra banka kynni að setja stöðu íslensku bankanna og innlána þeirra í uppnám vegna þess almenna vantrausts sem slíkt kynni að hafa í för með sér á fjármálamörkuðum. Ljóst var að gæti tryggingarsjóðakerfi, t. d. TIF, ekki staðið við skuldbindingar sínar, myndi slíkt leiða til vantrausts á innstæðutryggingarkerfum á öllu evrópska efnahagssvæðinu að lágmarki, sem gæti leitt til áhlaups á banka og fjármálaáfalls. Erlend yfirvöld höfðu á árinu 2008 stigvaxandi áhyggjur af þessu og fjármálastöðugleika á Íslandi, m. a. getu TIF til að tryggja innlán íslensku bankanna erlendis.

Ástandið var afar viðkvæmt á þessum tíma og var það ljóst innan Stjórnarráðsins að í öllum aðgerðum sínum yrðu íslensk stjórnvöld að hafa það að leiðarljósi að auka ekki, heldur leitast við að takmarka, hættuna á því að erlend stjórnvöld gripu til aðgerða sem yrðu skaðlegar fyrir fjármálastöðugleika á Íslandi og að innlánseigendur gerðu áhlaup á íslensku bankanna sem gæti leitt til falls þeirra. Sérstaklega þyrftu íslensk stjórnvöld að gæta vel að þessu í öllum yfirlýsingum og samskiptum um stöðu TIF og öryggi innlána íslensku bankanna.

Þetta ástand leiddi til þess að íslenskir ráðamenn lýstu yfir getu og vilja hins opinbera til þess að styðja við bakið á fjármálakerfinu. Forsætisráðherra lýsti því yfir, m. a. á ársfundi Seðlabankans 28. mars 2008, að hreinar skuldir ríkissjóðs væru nú litlar sem engar og gætu fá vestræn ríki státað af slíkri stöðu. Það þýddi að ríkissjóður hefði mikinn fjárhagslegan styrk og gæti tekið að láni verulegar fjárhæðir ef á þyrfti að halda. Svo sagði hann orðrétt: „Það er því engum vafa undirorpið að ríkissjóður og Seðlabankinn gætu hlaupið undir bagga ef upp kæmi alvarleg staða í bankakerfinu. Ég hef ítrekað verið spurður um þetta af erlendum aðilum á liðnum vikum og hef ávallt svarað því til að íslensk stjórnvöld muni við slíkar aðstæður hiklaust grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld annar staðar. Þetta vil ég árétta nú.“[1]

Þáverandi utanríkisráðherra hélt hinn 11. mars 2008 ræðu í Kaupmannahöfn á ráðstefnunni „Islands internationalisering - den økonomiske sektor i historisk og fremtidigt perspektiv“. Þar sagði ráðherrann orðrétt: „Der er blevet spurgt hvordan regeringen agter at reagere på en eventuel bankkrise. Jeg opfatter spørgsmålet som yderst hypotetisk, da bankerne lever og har

[1] Sjá http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Raedur_og_greinar_radherra/Rada_rh._Sedlabanka_isl.pdf

det godt i øjeblikket, men jeg vil gerne tilføje at både regeringen og Nationalbanken har ressourcer til at afværge en likviditetskrise, beskytte indskyderne og undgå forstyrrelser i betalingssystemerne. Vi har de værktøjer der skal til, og jeg kan forsikre jer om at den islandske regeringen naturligvis vil reagere som enhver anden ansvarlig regering ville gøre hvis en sådan situation opstod.“[2]

Þá voru samþykkt lög í júní 2008 sem heimiluðu ríkissjóði að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 60/2008. Loks lágu fyrir yfirlýsingar forsætisráðherra og fjármálaráðherra um að ríkið myndi styðja við bakið á stóru bönkunum, sbr. fundargerð samráðshópsins frá 12. ágúst 2008.

Fram að mánaðarmótum júlí/ágúst 2008 hafði þegar verið fjallað talsvert innan Stjórnarráðsins um stöðu TIF og hver möguleg aðkoma ríkisins yrði við að tryggja innlán eða standa við bakið á stóru bönkunum. Í byrjun apríl 2008 skipaði samráðshópurinn þannig starfshóp til að greina álitamál í innlánstryggingum, reikna út áhættuna ef allt færi á versta veg og draga upp tillögu að yfirlýsingu stjórnvalda um stöðu og greiðslugetu TIF sem grípa mætti til ef þörf væri talin á. Voru álitaefni um innstæður, TIF og aðkomu ríkisstjórnarinnar gagnvart TIF rædd á fundum nefndarinnar 25. mars 2008, 1. apríl 2008, 2. apríl 2008, 4. apríl 2008, 9. maí 2008, 29. maí 2008, 7. júlí 2008, 22. júlí 2008 og 31. júlí 2008. Höfðu fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins bent ítrekað á nauðsyn þess að afstaða fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins lægi fyrir um hvað ríkisstjórnin treysti sér til að lýsa yfir í því sambandi, en fulltrúi fjármálaráðuneytisins í samráðshópnum taldi að ekki væri tímabært að taka slíka afstöðu, sbr. fundargerð samráðshópsins frá 29. maí 2008. Samstaða var þó um að slík yfirlýsing þyrfti að liggja fyrir ef til áfalls kæmi. Umræða um þessi álitaefni einskorðaðist við efnahagslega og pólitíska þætti, en ekki lögfræðileg álitaefni um réttarstöðu ríkissjóðs vegna tilskipunar 94/19/EB.

Á sama tíma og íslensk stjórnvöld höfðu fyrrgreind efnahagsleg- og pólitísk sjónarmið að leiðarljósi unnu þau að því að takmarka áhættu Íslands af innlánasöfnun íslensku bankanna erlendis. Allt frá byrjun apríl 2008 hafði flutningur innlána Landsbankans í Bretlandi yfir á dótturfyrirtæki þar í landi t.a.m. verið ræddur innan samráðshópsins. Var þetta rætt ítarlega á fundum samráðshópsins 22. júlí 2008, 31. júlí 2008, 12. ágúst 2008 og 20. ágúst 2008. Fundargerðir þessara funda sýna að staða mála gagnvart Landsbankanum og innlánsreikningum hans var mjög alvarleg á þessum tíma, mikill þrýstingur var frá breskum stjórnvöldum um aðgerðir til að draga úr áhættu breskra innlánseigenda og veruleg hætta talin á áhlaupi þeirra.

Afstaða Stjórnarráðsins í ágúst 2008 var þannig að alla áherslu yrði að leggja á að tryggja sem best pólitíska og efnahagslega stöðu íslenska ríkisins og íslenskra fjármálafyrirtækja, meðal annars með því að vinna tíma til nauðsynlegra aðgerða. Ljóst er af ofangreindu að ráðherrar höfðu gefið margvíslegar stefnumótandi yfirlýsingar um aðkomu ríkisins að bankakerfinu ef í óefni færi, og aðrar voru í undirbúningi. Inntak fyrrgreindra svara íslenskra stjórnvalda sem rannsóknarnefndin virðist einkum hafa til athugunar var þannig í beinu framhaldi af þeim yfirlýsingum og mótaðist á löngum tíma. Það réðst fyrst og fremst af efnahagslegum og

2 Sjá: http://www.utanrikisraduneyti.is/frettaefni/raedurISG/nr/4151. Sjá einnig viðtal við Davíð Oddsson, seðlabankastjóra 3. mars 2008: http://www.channel4.com/news/articles/business_money/how+safe+are+your+savings/1697147

pólitískum sjónarmiðum og hagsmunum, en var ekki lögfræðileg niðurstaða um álitaefnið hvort ríkissjóður bæri fjárhagslegar skuldbindingar vegna tilskipunar 94/19/EB.

Framangreint ber hins vegar ekki að skilja svo að lögfræðilegar hliðar málsins hafi ekki verið skoðaðar og kynntar. Í eftirfarandi umfjöllun er m.a. leitast við að útskýra hvernig þetta fór fram. Í tilefni af bréfi rannsóknarnefndarinnar er lögð sérstök áhersla á að útskýra að það getur ekki talist vanræksla í því tilviki sem hér um ræðir að hafa ekki leitað eftir lögfræðilegu mati eða ráðgjöf utan viðskiptaráðuneytisins eða útbúið formlegt lögfræðilegt álit í viðskiptaráðuneytinu. Einnig er lögð áhersla á að útskýra að því fer víðs fjarri að undirbúningur starfsmanna ráðuneytisins hafi afmarkast við að lesa tilskipunina. Þá verður því lýst hvernig þess var vandlega gætt að svörin hefðu ekki neikvæða þýðingu fyrir íslenska ríkið.

IV. Lögfræðileg greining – kynning fyrir ráðherra.

Þegar bréf breska fjármálaráðuneytisins, dags. 7. ágúst 2008, barst viðskiptaráðuneytinu kom til sérstakrar umfjöllunar í ráðuneytinu hvort ríkið bæri lögfræðilega fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB.

Bréfið átti sér þá forsögu að hinn 30. júlí 2008 bárust skilaboð um að Clive Maxwell, skrifstofustjóri yfir fjármálastöðugleikaskrifstofu breska fjármálaráðuneytisins, vildi ná tali af ráðuneytisstjórum fjármála- og viðskiptaráðuneyta á Íslandi. Talaði hann við bæði Baldur Guðlaugsson og Áslaugu Árnadóttur þann 31. júlí og lýsti áhyggjum sínum af íslenskum efnahag og því hvernig færi fyrir breskum innstæðueigendum ef Landsbankinn lenti í greiðsluþroti. Í framhaldi af því sendi Áslaug breska ráðuneytinu upplýsingar um TIF. Í kjölfar þessara samskipta við ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu barst svo bréfið frá breska fjármálaráðuneytinu.

Fyrrgreind lögfræðileg álitamál, um hvort ríkið bæri lögfræðilega fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB, voru metin af undirritaðri og Áslaugu Árnadóttur. Áslaug var á þessum tíma skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra og helsti sérfræðingur ráðuneytisins á þessu sviði. Álitaefnið var metið með því að greina tilskipunina, aðfararorð hennar, innleiðingu hennar í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og fordæmi um skaðabótaábyrgð ríkis vegna skorts á fullnægjandi innleiðingu. Áslaug þekkti einnig afar vel til löggjafar annarra landa og umræðu á Evrópuvettvangi á þessu sviði. Áslaug er lögfræðingur að mennt, með margra ára starfsreynslu og með meistaragráðu á sviði Evrópuréttar frá Stokkhólmsháskóla. Auk þess hafði Áslaug haft með mál að gera sem vörðuðu lög og tilskipun um innstæðutryggingar síðan í janúar 2007. Þannig hafði hún tekið til athugunar erindi Samtaka fjármálafyrirtækja um tryggingarvernd á innlánum stofnanafjárfesta í janúar 2007, gegnt formennsku í nefnd um endurskoðun á lögum um TIF síðan í maí 2007, tekið sæti í samráðshópnum í fjarveru minni og verið stjórnarformaður TIF síðan í febrúar 2008. Áslaug gjörþekkti því lögin um TIF, tilskipun nr. 94/19/EB, lög á þessu sviði í öðrum löndum og reglur Evrópuréttar að öðru leyti. Í raun var vandfundinn sá lögfræðingur á Íslandi sem þekkti lagaumhverfið á þessu sviði betur og var auk þess sérfræðingur á sviði Evrópuréttar. Sjálf hafði ég verið lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu á sviði fjármagnsmarkaðar á árinu 2000-2004 og hafði á árunum 2002 og 2003 setið alla stjórnarfundi TIF og veitt formanni stjórnar TIF umfangsmikla aðstoð í Burnham málinu svokallaða, þar sem reyndi á túlkun á lögunum og tilskipuninni. Auk þess hafði ég verið formaður stjórnar TIF 2003-2004 og hafði þannig yfirgripsmikla þekkingu á þeim lögum og reglum sem um sjóðinn gilda, ásamt tilskipun 94/19/EB. Hafði ég því alla burði til að meta sérfræðileg rök á þessu sviði, m.a. þau sem Áslaug Árnadóttir færði fram.

Einnig er til þess að líta í þessu sambandi að þetta lögfræðilega álitamál var rætt á fundum samráðshópsins, þar sem sátu tveir lögfræðingar, ásamt undirritaðri. Annars vegar tók Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, þátt í umræðunni en hann er lögfræðingur með áratuga reynslu úr lögmennsku og stjórnsýslu. Hins vegar var þar um að ræða Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóra FME, sem er lögfræðingur að mennt og með MBA gráðu og jafnframt með áralanga reynslu frá Eftirlitsstofnun EFTA. Bera tölvupóstsamskipti milli ráðuneyta með sér að báðar hliðar málsins voru ræddar, sbr. tölvupóst frá Baldri Guðlaugssyni þáverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu frá 29. september 2008. Í þessum umræðum komu fram sjónarmið með og á móti því að ríkið bæri lögfræðilega fjárhagslegar skuldbindingar vegna innleiðingar tilskipunar 94/19/EB.

Þannig átti sér stað lögfræðileg greining á álitaefninu í viðskiptaráðuneytinu. Einnig tóku fulltrúar ráðuneytisins þátt í umræðu um málið á vettvangi samráðshópsins. Niðurstaða ráðuneytisins var að ekki væri unnt að útiloka að íslenska ríkið yrði talið bera fjárhagslegar skuldbindingar vegna tilskipunar 94/19/EB. Óvissa myndi ríkja um réttarstöðuna að þessu leyti fram að því að þar til bær aðili myndi skera úr um þetta.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar kemur fram að fyrir liggi að af hálfu íslenskra stjórnvalda var ekki leitað sérstaklega eftir lögfræðilegu mati eða ráðgjöf sérfræðinga utan ráðuneytanna um umrætt álitaefni fyrr en eftir fall bankanna. Í þessu sambandi skal haft í huga að það felst í starfsskyldum ráðuneytisstjóra að mál séu faglega upplýst, en ráðherra er rétt og skylt að taka pólitískar ákvarðanir byggðar á hinu faglega mati. Undirrituð hefur ávallt lagt mikla áherslu á að tryggja vandaða málsmeðferð þeirra mála sem undir ráðuneytið heyra. Í því felst m.a. að málin séu faglega upplýst áður en kemur að hinni pólitísku ákvörðun. Mikilvægt er að undirstrika að eðli mála innan ráðuneytisins er mismunandi og sú sérfræðiþekking sem þörf er á við málsmeðferð er ólík. Hefur undirrituð haft það í huga við ráðningu sérfræðinga til starfa í ráðuneytinu. Fullyrða má, að almennt er á því byggt við málsmeðferð innan Stjórnarráðsins að sérfræðiþekking innan ráðuneytanna sé nægileg til úrlausnar á þeim málum sem fjallað er um í ráðuneytinu og er almennt byggt á þekkingu sérfræðinga innan ráðuneytis við úrlausn mála. Hins vegar kann sú staða að koma upp í einstökum málum að sérfræðiþekkingu skorti innan ráðuneytis eða hún geti ekki talist fullnægjandi. Í slíkum tilvikum getur þurft að leita aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga. Á þetta verður að leggja mat í hverju tilviki. Í þessu máli var fyrir hendi fullnægjandi sérfræðiþekking í ráðuneytinu, eins og hér að framan er vikið að. Í ljósi þessarar sérfræðiþekkingar, þeirrar lögfræðilegu greiningar sem átti sér stað og að teknu tilliti til hins pólitíska eðlis bréfanna, verður að telja að málið hafi verið nægjanlega upplýst faglega.

Niðurstaða hinnar lögfræðilegu greiningar var kynnt viðskiptaráðherra, meðal annars með því að gera honum grein fyrir sjónarmiðum með og á móti því að ríkið bæri fjárhagslegar skuldbindingar í þessa veru. Ráðherra var því upplýstur um þann lögfræðilega vafa sem í málinu væri. Á fundi í Stjórnarráðinu 18. ágúst 2008 var farið heildstætt yfir málið, og í kjölfar þess var tekin pólitísk ákvörðun um það hvernig efni bréfanna ætti að vera, með því að forsætisráðherra tilgreindi þau efnisatriði sem koma ættu fram í bréfinu.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar er tiltekið að ekki hafi komið fram gögn sem sýni að umrætt atriði hafi verið sérstaklega kannað á þessum tíma. Form upplýsinganna og upplýsingagjafarinnar getur hins vegar ekki skipt máli við mat á því hvort ráðherra hafi verið nægilega upplýstur eða hvort um vanrækslu sé að ræða hjá tilteknum starfsmönnum í merkingu 1. gr. laga nr. 142/2008. Eins og kunnugt er eru minnisblöð ekki skrifuð um öll mál innan stjórnsýslunnar, heldur fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Í því sambandi skal haft í huga að afar knappur tími var til stefnu til afgreiðslu málsins. Bréfið frá breska

fjármálaráðuneytinu er dagsett 7. ágúst 2008, en var ekki tekið til umfjöllunar í ráðuneytinu fyrr en 11. ágúst 2008, vegna sumarleyfa viðtakanda. Breska fjármálaráðuneytið þrýsti mjög á svör og fyrirhugaður var fundur á milli TIF og breska tryggingarsjóðsins 21. ágúst 2008. Jafnframt skal hafa hugfast að fyrir lá, í ljósi þess sem rakið var í kafla III, að bréfinu yrði svarað fyrst og fremst á pólitískum og efnahagslegum forsendum. Í svari stjórnvalda fólst alls ekki niðurstaða stjórnvalda um hvort ríkið bæri fjárhagslegar skuldbindingar vegna tilskipunar 94/19/EB. Í ljósi þessa verður ekki talið að það hafi verið vanræksla af minni hálfu að hið lögfræðilega mat hafi verið kynnt ráðherra munnlega.

Af framangreindu er ljóst að mikil sérþekking var á málefnum TIF innan viðskiptaráðuneytisins og að lögfræðileg greining lá fyrir af hálfu reyndra lögfræðinga og sérfræðinga á viðkomandi sviði. Var viðskiptaráðherra gerð grein fyrir sjónarmiðum með og á móti því að ríkið bæri lögfræðilega fjárhagslegar skyldur í tengslum við TIF, og þannig þeim vafa sem í málinu væri. Ekki hefði verið unnt að eyða þeim vafa með áliti utanaðkomandi lögfræðings. Hafði því ráðgjöf til ráðherra og sá lögfræðilegi grunnur sem lagður var áður en bréfin voru send, engin áhrif á orsök eða afleiðingar bankahrunsins. Lögð er áhersla á í þessu sambandi að bréfið var skrifað í efnahagslegum og pólitískum tilgangi, en hafði ekki að geyma lögfræðilega niðurstöðu um fjárhagslegar skyldur ríkisins. Þá var ljóst að efni bréfsins myndi ekki ráðast af lögfræðilegri greiningu eins og nánar verður vikið að hér að neðan. Við þessar kringumstæður getur það með engu móti talist vanræksla af hálfu undirritaðrar að hafa ekki leitað eftir utanaðkomandi lögfræðilegu áliti eða sett fram minnisblað í skriflegu formi.

V. Áhrif lögfræðiálits á efni svarbréfa stjórnvalda, dags. 20. ágúst 2008 og 5. október 2008.

Áréttað skal í þessu samhengi að hefði utanaðkomandi lögfræðiálits verið aflað hefði það ekki haft nein áhrif á efni bréfanna. Koma þar til nokkur þýðingarmikil atriði. Í grófum dráttum má segja að niðurstaða lögfræðiálits um mögulegar fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB hefði getað verið þrenns konar.

a) Að slíkar skuldbindingar hvíldu á íslenska ríkinu.

b) Að slíkar skuldbindingar hvíldu ekki á íslenska ríkinu.

c) Að óvíst væri hvort slíkar skuldbindingar hvíldu á íslenska ríkinu. Undir þetta myndi falla lögfræðiálit sem kæmist formlega að niðurstöðu um a) eða b), en væri með teljandi efnislega fyrirvara við þá niðurstöðu, eins og reyndin vill vera með lögfræðiálit.

Ef niðurstaða álitsins hefði verið skv. a) að ofan þá hefði það ekki haft nein teljandi áhrif á framvindu mála. Íslenska ríkið hefði ekki á grundvelli lögfræðiálits fallist á að taka á sig slíka skuldbindingu, sérstaklega í ljósi þess að lögfræðileg greining Stjórnarráðsins var ekki í samræmi við slíka niðurstöðu. Íslenska ríkið hefði sem sé þrátt fyrir slíka niðurstöðu viðhaldið rétti til að láta reyna á skuldbindingarnar.

Ef niðurstaða álitsins hefði verið skv. c) að ofan þá hefði það ekki heldur haft nein teljandi áhrif á framvindu mála. Eins og fyrr greinir hafði lögfræðileg greining átt sér stað innan Stjórnarráðsins sem gaf eindregið til kynna að óvissa myndi ríkja um réttarstöðuna að þessu leyti fram að því að þar til bær aðili myndi skera úr um þetta. Við þetta hafði verið miðað og sömuleiðis að íslenska ríkið myndi ekki gangast við skuldbindingum af þessu tagi, eins og fyrr segir.

Þá stendur eftir sá möguleiki að niðurstaða álitsins hefði verið skv. b) að ofan. Nokkur atriði þarf að hafa í huga í þessu sambandi:

1) Í fyrsta lagi var nánast útilokað að utanaðkomandi lögfræðiáliti yrði skilað þar sem fyrirvaralaus niðurstaða skv. b) yrði ofan á, eins og hefur sýnt sig í þeim lögfræðiálitum sem síðar komu fram. Mjög skiptar skoðanir eru um þetta álitaefni meðal sérfróðra lögfræðinga og vandfundinn sá lögfræðingur sem er tilbúinn að ábyrgjast eina niðurstöðu frekar en aðra í formlegu lögfræðiáliti, þótt margir hafi verið tilbúnir að tefla fram skoðunum sínum ýmist í eina áttina eða hina. Enn má því óhikað segja að óvissa ríki um þetta atriði.

2) Þótt utanaðkomandi lögfræðiáliti yrði skilað þar sem fyrirvaralaus niðurstaða skv. b) yrði ofan á hefði verið nánast útilokað að Bretar, Hollendingar eða aðrir viðsemjendur íslenska ríkisins vegna TIF myndu fallast á slíka niðurstöðu. Slíkt lögfræðiálit hefði að sjálfsögðu ekki verið á neinn hátt bindandi fyrir þá. Sú hefur og orðið raunin. ESB þjóðir tóku almennt þann pól í hæðina að skuldbindingar hvíldu á íslenska ríkinu, og bæði Bretar og Hollendingar hafa fortakslaust hafnað lögfræðiálitum sem benda til hins gagnstæða.

3) Í þriðja lagi útilokuðu pólitískar og efnahagslegar aðstæður að Íslendingar myndu á þessum tíma byggja fortakslaust á niðurstöðu skv. b) að ofan gagnvart Bretum og Hollendingum, þótt slík niðurstaða fengist. Lögfræðileg sjónarmið gætu ekki haft úrslitaþýðingu í því sambandi. Ástæðurnar voru einkum þessar:

    a. Engin bindandi úrlausn að þjóðarétti eða Evrópurétti lá fyrir um álitaefnið.

    b. Slík yfirlýsing af hálfu íslenska ríkisins hefði verið túlkuð þannig að TIF væri skilinn eftir algjörlega óvaldaður af íslenska ríkinu með annars vegar þau gríðarlega háu innlán sem honum var ætlað að tryggja hér heima og erlendis og hins vegar þá hlutfallslega mjög lágu fjárhæð sem í honum var. Þetta hefði getað kallað á hörð viðbrögð bæði Breta og Hollendinga, eins og síðar sýndi sig, og sparifjáreigenda, en hætt var við að þeir myndu gera áhlaup á íslensku bankanna eins og síðar varð einnig raunin. Þetta hefði þannig getað sett stöðu allra íslensku bankanna í mikið uppnám þá þegar og óttast var að slíkt gæti leitt til falls þeirra. Þar með hefði íslenska ríkið með slíkum yfirlýsingum getað kallað yfir sig þá áhættu sem fólst í óvissunni um umfang fjárhagslegra skuldbindinga ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB og aðrar skelfilegar þjóðhagslegar afleiðingar sem gátu leitt af falli bankanna. Um þetta vísast að öðru leyti til umfjöllunar í kafla III hér að framan.

    c. Auk þess verður að hafa í huga að í því mikla umróti sem var á fjármálamörkuðum á þessum tíma hefði slík yfirlýsing verið mjög viðkvæm á ESB-grundvelli og hefði getað sett samevrópska innistæðutryggingakerfið í uppnám. Slík afstaða af hálfu íslenska ríkisins hefði þannig kallað fram sterk viðbrögð ESB-þjóða almennt, sem virtust flestar mjög andsnúnar yfirlýsingu af þessu tagi. Þetta hefði getað leitt til einangrunar Íslands og hefði aukið á vanda íslensku bankanna.

Því þykir mér einsýnt að svör íslenska ríkisins síðsumars 2008 við fyrirspurnum erlendra stjórnvalda hefðu verið efnislega hin sömu og raunin varð þótt

lögfræðiálit skv. b) að ofan hefði legið fyrir, ekki síst til að ríkinu og bönkunum gæfist tími og tækifæri til að vinna sig út úr þeirri erfiðu stöðu sem upp var komin.

Af ofangreindu má einnig leiða að það hefði ekki haft nein áhrif á efni bréfanna þótt formlegt, skriflegt lögfræðiálit eða minnisblað hefði verið unnið innan viðskiptaráðuneytisins áður en þau voru send.

VI. Efni svarbréfa stjórnvalda, dags. 20. ágúst 2008 og 5. október 2008.

Að því er varðar þau svör sem send voru til erlendra stjórnvalda í ágúst og byrjun október 2008 verður enn og aftur að hafa í huga að þau fólu hvorki í sér beina né óbeina yfirlýsingu um að íslenska ríkið tæki á sig fjárhagslegar skuldbindingar af því tagi sem um ræðir. Engin greiðsluskylda stofnaðist fyrir ríkið með þessum svörum. Í fyrstu málsgrein bréfsins frá 20. ágúst 2008 er einungis vitnað til fyrri samskipta. Í annarri málsgrein bréfsins er kveðið á um að ríkisstjórnin myndi grípa til allra þeirra ráða sem ábyrg ríkisstjórn myndi grípa til í slíkri stöðu, þ.m.t. aðstoða sjóðinn við að afla þess fjár, sem þörf væri á, þannig að sjóðurinn gæti staðið skil á lágmarksgreiðslum. Í málsgreininni er sama orðalag og forsætis- og utanríkisráðherra höfðu notað í ræðum sínum vorið 2008, sbr. umfjöllun í kafla III. Málsgrein þessi vísar einnig til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, þar sem kveðið er á um að hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og stjórn hans telur til þess brýna ástæðu sé henni heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum. Lánsfjármarkaðir voru lokaðir á þessum tíma og útilokað hefði verið fyrir TIF að afla lánsins, einn og óstuddur. Stjórnvöld voru einungis að lýsa því yfir að þau myndu aðstoða TIF við að afla nauðsynlegs fjármagns. Í þriðju málsgrein bréfsins er upplýst um að fyrirhuguð sé endurskoðun á gildandi lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta. Í fjórðu málsgrein bréfsins er kveðið á um að ríkisstjórnin myndi styðja við Seðlabankann sem lánveitanda til þrautarvara, kæmi til þess að hann myndi veita lausafjáraðstoð. Þriðja og fjórða málsgrein bréfsins koma álitaefninu um fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins vegna tilskipunar nr. 94/19/EB ekki við. Í fimmtu og síðustu málsgreininni er tekið fram að ríkisstjórninni sé kunnugt um skuldbindingar sínar skv. EES–samningnum og muni standa við þær skuldbindingar.[3] Í þessu sambandi skal vakin athygli á því að bréfið heldur því opnu hvað fælist í EES-réttinum um skyldur ríkisins að þessu leyti.

Í bréfinu frá 5. október 2008 er kveðið á um að ríkisstjórn Íslands muni styðja Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta við að afla nauðsynlegs fjár, þannig að sjóðurinn gæti staðið skil á lágmarksgreiðslum ef til þess kæmi að Landsbankinn og útibú hans í Bretlandi kæmust í þrot. Engin greiðsluskylda er fólgin í þessum bréfum, eins og sést best á þeim aðgerðum sem Bretar gripu til gagnvart Íslendingum hinn 8. október 2008 þegar þeir lögðu sk. Freezing Order á. Þetta bréf verður einnig að skoðast í ljósi þeirrar knýjandi stöðu sem uppi var sem m. a. leiddi til yfirlýsinga ríkisstjórna annars staðar í veröldinni sem gengu enn lengra. Í því tilliti má nefna írsku ríkisstjórnina, sem lýsti því yfir 30. september 2008, að hún ábyrgðist allar innstæður tiltekinna banka.[4]

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar til undirritaðrar kemur fram að við mat á því hvaða atriði í störfum undirritaðrar, athafnir eða athafnaleysi, kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu“ hafi nefndin sérstaklega horft til hvað telja megi að hafi öðru fremur þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar. Þau bréf sem rannsóknarnefndin virðist beina athugun sinni að, orsökuðu ekki fall bankanna. Þau voru fremur til þess fallin að lengja

---

[3] Íslenska þýðingu bréfanna er að finna á þskj. 338 frá 137. löggjafarþingi 2009.

[4] sjá: http://www.financialregulator.ie/press-area/press-releases/pages/governmentdecisiontosafeguardirishbankingsystem.aspx

tímann til að vinna að lausn mála. Þá sköpuðu þau ekki greiðsluskyldu fyrir íslenska ríkið. Þau höfðu því ekki áhrif á afleiðingar bankahrunsins. Hið sama verður sagt um undirbúning að gerð bréfanna; sá lögfræðilegi grundvöllur sem lagður var að efni þeirra hvorki orsakaði né hafði afleiðingar í tengslum við hrun bankakerfisins. Í ljósi þessa getur ekki verið að undirrituð hafi sýnt af sér vanrækslu í tengslum við undirbúning bréfanna í þeim skilningi hugtaksins sem rannsóknarnefndin setur fram.

VII. Nánar um ábyrgð vegna þess málefnis sem til athugunar er.

Komist rannsóknarnefndin þrátt fyrir framangreint að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagður nægjanlegur lögfræðilegur grundvöllur að því hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni fyrir fall íslensku bankanna, þá bendir undirrituð á að það geti ekki talist vanræksla af minni hálfu að það hafi ekki verið gert. Það hafi staðið öðrum nær að afla slíks álits og rétt hefði verið að afla þess þegar vorið 2008. Þá hafi hin pólitíska stefna verið sett þegar vorið 2008 og bréfin, dags. 20. ágúst og 5. október 2008, skrifuð í framhaldi af yfirlýsingum ráðherra og samkvæmt nákvæmum fyrirmælum þeirra. Verður þetta rakið nánar hér á eftir.

Samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 ber stjórnarmálefni undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima. Reglugerð sú sem var í gildi á tímabilinu ágúst til október 2008 er reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007. Samkvæmt 2. tölul. 13. gr. reglugerðarinnar fór viðskiptaráðuneytið á umræddum tíma með mál er varða fjármálamarkað. Lög um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 heyrðu undir það ráðuneyti. Undir viðskiptaráðuneytið heyrði þ.a.l. umfjöllun um atriði sem lutu t. d. að almennri fjármögnun TIF með gjaldtöku. Samkvæmt 1. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðuneytið hins vegar með fjármál ríkisins. Þá fer ráðuneytið einnig með lánsfjármál ríkissjóðs, lántökur ríkisstofnana og ríkisábyrgðir skv. 5. tölul. 5. gr. reglugerðarinnar. Þannig fer fjármálaráðuneytið með forræði yfir ríkissjóði, fjármálaráðherra leggur fram frumvarp til fjárlaga og frumvörp um ríkisábyrgð og gerir lánssamninga fyrir hönd ríkissjóðs. Einnig ber að stefna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fyrir dómi krefjist aðili greiðslu úr ríkissjóði. Sérfræðiþekking á ríkissjóði og fjárhagslegum skuldbindingum hans er því hjá fjármálaráðuneytinu. Rísi vafi um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs, hlýtur það þannig að vera í verkahring fjármálaráðuneytisins að leggja mat á hann. Það stóð því fjármálaráðuneytinu næst að láta meta áhættu ríkissjóðs af mögulegum fjárhagslegum skuldbindingum vegna tilskipunar 94/19/EB, þegar slík áhætta varð raunhæf.

Eins og áður sagði var í samráðsnefndinni ítrekað fjallað um innlánsreikninga íslenskra banka og að TIF hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir skuldbindingum sínum. Lagði fulltrúi viðskiptaráðuneytisins nokkur minnisblöð um málið fyrir nefndina.

Hinn 4. apríl 2008 dreifði fulltrúi viðskiptaráðuneytisins og skýrði samantekt um innstæðutryggingar. Í því skjali kom fram að heildarfjárhæð þeirra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum sem féllu undir lágmarksvernd TIF væru u. þ. b. 115 ma. kr, en heildarfjárhæð tryggðra innstæðna væri 2.086 ma. kr. miðað við september 2007. Einnig var í töflu yfirlit yfir þær greiðslur sem inna yrði af hendi ef vernd yrði ákveðin 5 m. kr., 8 m. kr. eða 10 m. kr.

Hinn 10. apríl 2008 dreifði fulltrúi viðskiptaráðuneytisins skjali sem bar yfirskriftina: Greiðslur úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Í því skjali voru

drög að yfirlýsingu sem hægt væri að nota ef til fjármálaáfalls kæmi. Í lok þeirra draga eru tveir möguleikar á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar segir:

> „Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ríkissjóður muni veita Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta lán, sem stjórn sjóðsins er heimilt að taka á grundvelli 10. gr. laganna til að sjóðnum sé fært að greiða kröfuhöfum (lágmarksgreiðslu/greiðslu að fjárhæð xxx).
>
> EÐA
>
> Ríkisstjórnin lýsir því yfir að ef nauðsyn ber til mun ríkissjóður ábyrgjast allar innstæður/hluta innstæðna í xxx/öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum á meðan óróleiki er á fjármálamörkuðum.
>
> Taka þarf afstöðu til:
>
> 1. Á að lofa TIF láni eða ábyrgjast innstæður
> 2. Á að ábyrgjast allar innstæður eða hluta þeirra og þá hvað mikið.
> 3. Á að ábyrgjast innstæður allra viðskiptabanka og sparisjóða eða innstæður tiltekins aðila
> 4. Á ábyrgðin að vera tímabundin.“

Í byrjun maí kynnti fulltrúi viðskiptaráðuneytisins í samráðshópnum skjal sem bar yfirskriftina: “Ábyrgð á innstæðum”. Þar er tiltekið að taka þurfi afstöðu til nokkurra atriði þegar fjallað sé um ábyrgð ríkisins á innstæðum. Þar séu þrír möguleikar fyrir hendi; þ. e. að ríkisstjórnin ábyrgist að TIF verði veitt lán eða ábyrgist að greiða lágmarks tryggingarvernd, ríkisstjórnin ábyrgist hluta innstæðna, eða ríkisstjórnin ábyrgist allar innstæður. Innan samráðshópsins voru mismunandi sjónarmið uppi um hvernig best væri að standa að málum að þessu leyti. Eins og fyrr segir bentu fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins ítrekað á nauðsyn þess að afstaða fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins lægi fyrir um það álitaefni, þannig að unnt væri að vinna málið áfram, en fulltrúi fjármálaráðuneytisins í samráðshópnum taldi að ekki væri tímabært að taka slíka afstöðu, sbr. fundargerð samráðshópsins frá 29. maí 2008.

Framangreind gögn sýna að viðskiptaráðuneytið var búið að leggja fram ýmis konar gögn í samráðshópnum til að undirbúa ákvörðun fjármálaráðuneytisins og greina álitaefni. Í þeim gögnum koma fram hugmyndir um að ríkissjóður ábyrgist hluta af innstæðum eða lofi TIF láni. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins í nefndinni vildi ekki taka afstöðu til tillagnanna, án þess að tilgreina aðrar ástæður en að það væri ekki tímabært. Komist rannsóknarnefndin að þeirri niðurstöðu að skortur hafi verið á lögfræðilegri greiningu á fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs vegna tilskipunar 94/19/EB, þá telur undirrituð að það hafi staðið fjármálaráðuneytinu nær að afla slíkrar greiningar og þá þegar í apríl 2008.

Í þessu samhengi er einnig minnt á að bréf þau sem send voru hinn 20. ágúst 2008 og 5. október 2008 voru í beinu framhaldi af þeim yfirlýsingum sem ráðamenn höfðu gefið út á árinu 2008. Þannig má fullyrða að stefnan hafi verið tekin þegar í mars 2008, þegar forsætisráðherra og utanríkisráðherra lýstu því yfir opinberlega að ríkisstjórnin myndi grípa til sömu aðgerða og ábyrg stjórnvöld og að ríkissjóður hefði bolmagn til að tryggja innstæðueigendur. Þrátt fyrir að ekki hafi verið tekin ákvörðun innan samráðshópsins um tillögur til ríkisstjórnar um hvernig hagað myndi vera yfirlýsingu um tryggð innlán, þá var sammæli um það að slíkt yrði að liggja fyrir ef fjármálaáfall yrði. Þegar undirrituð kom til baka til starfa úr fæðingarorlofi í byrjun ágúst 2008, var því búið að marka pólitíska stefnu í

þessum efnum án tillits til lögfræðilegrar skuldbindingar og ekki á valdssviði undirritaðrar að breyta henni.

Viðskiptaráðuneytið hefði ekki getað sent frá sér umrætt svarbréf, dags. 20. ágúst 2008, án þess að fá til þess samþykki fjármálaráðuneytisins. Gildir þar einu þótt viðskiptaráðuneytið hefði aflað utanaðkomandi lögfræðiálits eða gert minnisblað um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs vegna tilskipunar 94/19/EB. Svarbréfið, dags. 20. ágúst 2008, fjallaði um hvaða skuldbindingar ríkissjóður myndi mögulega taka á sig gagnvart Seðlabankanum og hvernig ríkissjóður myndi aðstoða Tryggingarsjóð innstæðueigenda til að afla lánsfjármagns. Vakin er athygli á að Seðlabankinn heyrði á þessum tíma undir forsætisráðuneytið. Bréfið fjallaði því að meginstefnu til um til hvaða aðgerða ríkissjóður myndi grípa ef tilteknar aðstæður myndu skapast.

Upplýst skal að það kom til umræðu hvort fjármálaráðuneytið eða viðskiptaráðuneytið ætti að senda bréfið, dags. 20. ágúst 2008, en ákveðið var að viðskiptaráðuneytið myndi ganga frá bréfinu, þar sem bréf breska fjármálaráðuneytisins var stílað á það. Af sömu ástæðu var bréfið, dags. 5. október 2008, sent frá viðskiptaráðuneytinu.

Þar sem ljóst var að viðskiptaráðuneytið gæti ekki svarað erindinu án samþykkis fjármálaráðuneytisins, hafði viðskiptaráðherra samband við forsætisráðherra um málið og ákvað hann að haldinn yrði fundur um það í Stjórnarráðinu mánudaginn 18. ágúst 2008. Á þeim fundi voru forsætisráðherra, viðskiptaráðherra, ráðuneytisstjórinn í forsætisráðuneytinu, ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, Áslaug Árnadóttir og undirrituð. Á fundinum var lagt fram minnisblað, sem ber yfirskriftina „Um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta“. Á fundinum var málið rætt og ákveðið að fela viðskiptaráðuneytinu að gera drög að svari sem skyldi lagt fyrir ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Tiltók forsætisráðherra á fundinum hvaða efnisatriði ættu að koma fram í bréfinu, þ.e. að ríkið myndi styðja við Seðlabanka Íslands sem lánveitanda til þrautarvara, ríkisstjórnin myndi gera allt sem ábyrg ríkisstjórn myndi gera, íslensk stjórnvöld mundu aðstoða við að útvega TIF lán, endurskoðun á lögunum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta stæði yfir og að staðið yrði við skuldbindingar sem fælust í tilskipuninni.

Starfsmenn viðskiptaráðuneytisins gerðu síðan drög að svari og sendu það í forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins gerðu báðir tillögur að breyttu orðalagi og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins lagði fram tillögu að málsgrein um stuðning ríkissjóðs við Seðlabankann sem lánveitanda til þrautarvara. Bréfið var síðan lagt fyrir forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra. Einnig voru drög að bréfinu lögð fyrir samráðshópinn hinn 20. ágúst 2008. Í viðskiptaráðuneytinu var bréfið unnið í nánu samvinnu við ráðherra; hann fór bæði yfir drögin sem voru send ráðuneytisstjórum í forsætis- og fjármálaráðuneyti og drögin sem komu frá þeim. Bréfið var að lokum sent frá viðskiptaráðuneytinu eftir að þrír ráðherrar höfðu gefið samþykki sitt.

Drög að svari ráðuneytisins frá 5. október 2008 var unnið með sambærilegum hætti. Þau voru unnin um miðja nótt við gríðarlega erfiðar aðstæður, en á sama tíma var verið að leggja lokahönd á frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 125/2008 og ráðherrar sátu á fundum í Ráðherrabústaðnum til að taka ákvarðanir um aðgerðir vegna yfirvofandi fjármálaáfalls. Tvær hugmyndir að svari voru sendar frá viðskiptaráðuneytinu til ráðuneytisstjórans í fjármálaráðuneytinu sem var staddur í Ráðherrabústaðnum í Tjarnargötu ásamt forsætisráðherra, fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra, iðnaðarráðherra, ráðuneytisstjóranum í

forsætisráðuneytinu og formanni stjórnar FME. Þar voru þær yfirfarnar og bréfið sent eftir að boð komu í viðskiptaráðuneytið að senda mætti bréfið.

Samkvæmt framangreindu fer ekki milli mála að sú ákvörðun að svara fyrirspurnum erlendra stjórnvalda í tengslum við TIF á pólitískum og efnahagslegum forsendum, en ekki lögfræðilegum, var tekin af forsætisráðherra ásamt fagráðherrum og byggðist á þeirri stefnu sem þegar hafði verið mörkuð. Sömuleiðis að innihald svarbréfanna, sem byggðist á þessum forsendum, var alfarið á ábyrgð sömu ráðherra. Bréfin féllu þannig undir pólitísk samskipti við erlend stjórnvöld, og fjölluðu um það hvað íslenska ríkið ætlaði að gera, ekki hvað því væri skylt að gera. Þau pólitísku og efnahagslegu sjónarmið sem lágu að baki þessu voru góð og gild. Það var ekki á mínu valdi sem ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins að breyta þessari pólitísku stefnu ráðherra, en hún hafði það í för með sér að lögfræðilegur grundvöllur málsins hafði enga þýðingu fyrir efni bréfanna, sbr. kafla V hér að ofan.

Telji rannsóknanefnd Alþingis þrátt fyrir allt framangreint að það hafi verið aðfinnsluvert af minni hálfu að hafa ekki lagt nægjanlegan lögfræðilegan grundvöll í málinu, tel ég sanngjarnt að nefndin hafi í eftirfarandi huga þegar hún metur hvort þetta hafi verið vanræksla af minni hálfu í merkingu 1. gr. laga nr. 142/2008: Eins og fyrr segir var ég í fæðingarorlofi frá störfum ráðuneytisstjóra frá miðjum desember 2007 til 1. ágúst 2008. Á þessu tímabili hafði ég ekki upplýsingar um það sem fram fór innan samráðshópsins. Þegar ég sneri aftur til starfa 1. ágúst 2008 tók það mig að sjálfsögðu nokkurn tíma að setja mig inn í stöðu mála og atburðarásina að því er varðar mál sem heyrðu undir samráðshópinn og ráðuneytið almennt. Ég vissi ekki af fyrrgreindu bréfi frá breska fjármálaráðuneytinu, dags. 7. ágúst 2008, fyrr en rúmri viku áður en svar þurfti að liggja fyrir vegna vaxandi áhyggna breskra stjórnvalda og fyrirhugaðs fundar með breska tryggingarsjóðnum. Ljóst er að hinn knappi tími sem var til stefnu, gerði það erfitt að afla tímanlega lögfræðiálits sem unnt væri að styðjast við í svari til breskra stjórnvalda og í ráðgjöf til ráðherra. Eins og fyrr segir fólst engin skuldbinding af hálfu íslenska ríkisins í bréfinu frá 20. ágúst 2008, heldur eingöngu árétting á fyrri yfirlýsingum íslenska ríkisins um að það myndi standa við bakið á stóru bönkunum. Bréfið til breska fjármálaráðuneytisins, dags. 5. október 2008, var eðlilega hliðstætt því. Bæði bréfin voru vandlega lesin yfir af bæði ráðherrum og ráðuneytisstjórum þeirra þriggja ráðuneyta sem þau vörðuðu sérstaklega, vegna hinnar miklu efnahagslegu- og pólitísku þýðingar þeirra. Allt þetta tel ég að nefndin eigi að hafa í huga þegar hún metur þær ávirðingar sem eru til skoðunar samkvæmt bréfi nefndarinnar til mín, dags. 9. febrúar 2010.

VIII. Samantekt og lokaorð.

1. Á árinu 2008 var mikill órói á fjármálamörkuðum hér heima og erlendis. Leiddi hann til þess að íslenskir ráðamenn lýstu yfir getu og vilja hins opinbera til þess að styðja við bakið á fjármálakerfinu. Einnig hafði verið mótuð sú stefna í samráðshópi um fjármálastöðugleika að ríkið þyrfti að vera tilbúið til að lýsa yfir að innstæður í innlánsstofnunum væru tryggðar ef áhlaup yrði gert á bankanna. Þegar ég kom aftur til starfa úr fæðingarorlofi hinn 1. ágúst 2008 var því búið að móta pólitíska stefnu í tengslum við það málefni sem rannsóknarnefndin er með til athugunar að því er mig varðar. Svarbréf þau sem send voru frá viðskiptaráðuneytinu 20. ágúst og 5. október 2008 voru í beinu framhaldi af þeim yfirlýsingum og ákvörðunum sem þegar höfðu átt sér stað. Þau voru skrifuð samkvæmt ítarlegum fyrirmælum forsætisráðherra og eftir náið samráð ráðuneyta. Tilgangur þeirra var að draga úr óróa á mörkuðum. Bréfin voru þannig skrifuð í efnahagslegum- og pólitískum tilgangi, en fólu ekki í sér viðurkenningu á greiðsluskuldbindingu ríkisins. Hvorki formlegt minnisblað um

lögfræðilega greiningu né utanaðkomandi lögfræðiálit hefðu breytt neinu um efni bréfanna. Hafa verður í huga að bréfin lögðu ekki grundvöll að greiðsluskyldu fyrir íslenska ríkið. Þau höfðu því hvorki áhrif á orsök né afleiðingar hruns bankanna haustið 2008.

2. Í ljósi þessa tel ég að sú lögfræðilega greining sem lá fyrir á álitaefninu um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt tilskipun nr. 94/19/EB, hafi verið fullnægjandi og að það hafi ekki verið vanræksla af minni hálfu hvernig að málum var staðið í undirbúningi bréfanna. Ég tel að ég hafi gert allt sem að góður og gegn ráðuneytisstjóri hefði gert við sömu kringumstæður. Ég kynnti fyrir ráðherra þau lögfræðilegu sjónarmið sem tengdust málinu með fullnægjandi hætti áður en endanleg pólitísk ákvörðun var tekin um efni bréfanna á grundvelli fyrrgreindrar stefnu.

3. Komist rannsóknarnefndin samt sem áður að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið lagður nægjanlegur lögfræðilegur grundvöllur um hvað ætla mátti um þá réttarstöðu sem leiddi af tilskipun nr. 94/19/EB um fjárhagslegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt henni áður en grunnur var lagður að bréfunum, dags. 20. ágúst og 5. október 2008, þá hef ég bent á ástæður þess að það geti ekki talist vanræksla af minni hálfu. Hef ég í því sambandi m.a. bent á að það hafi staðið fjármálaráðuneytinu nær að leggja slíkan grundvöll og að horfa verði til þess hvaða ákvarðanir og yfirlýsingar höfðu verið gefnar áður en ég kom aftur til starfa hinn 1. ágúst 2008.

4. Ég undirstrika að mál þetta varðar starfsheiður minn og æru og þar með atvinnumöguleika og aflahæfi. Verður því að meta hugtakið vanræksla með hliðsjón af þeim lögum og góðum venjum sem í gildi voru á þeim tíma sem um ræðir. Með hliðsjón af þessu og öðru því sem ég hef greint frá hér að framan mótmæli ég því eindregið að það hafi verið aðfinnsluvert af mér að hafa ekki gætt að því, og þá með tillögugerð til ráðherra þar um, að leggja frekari lögfræðilegan grundvöll fyrir úrlausn málsins, hvað þá að það teljist vanræksla af minni hálfu í merkingu 1. gr. laga nr. 142/2008.

Virðingarfyllst,

Jónína S. Lárusdóttir.

Fylgiskjöl:

1. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra forsætis- og fjármálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2008, kl. 12:20, ásamt viðhengi.
2. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu til undirritaðrar, dags. 18. ágúst 2008, kl. 18:22.
3. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, afrit á ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, dags. 19. ágúst 2008 kl. 9:07, ásamt viðhengi.
4. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, dags. 19. ágúst 2008 kl. 10:57, ásamt viðhengi.
5. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra forsætis- og fjármálaráðuneytis, dags. 19. ágúst 2008, kl. 12:49, ásamt viðhengi.
6. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneyti til undirritaðrar, dags. 19. ágúst 2008, kl. 13:02.
7. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, dags. 19. ágúst 2008, kl. 13:28.
8. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu til undirritaðrar, dags. 19. ágúst 2008, kl. 13:30.
9. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu til undirritaðrar, dags. 19. ágúst 2008, kl. 13:43, ásamt viðhengi.
10. Tölvupóstur frá undirritaðri til ráðuneytisstjóra í forsætis- og fjármálaráðuneytinu, dags. 19. ágúst kl. 14:00.
11. Tölvupóstur frá undirritaðri til viðskiptaráðherra, aðstoðarmanns ráðherra og staðgengils ráðuneytisstjóra, dags. 19. ágúst 2008 kl. 14:24.
12. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til forsætis- og fjármálaráðherra, afrit á ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneyti, dags. 20. ágúst 2008 kl. 10:36.
13. Tölvupóstur frá forsætisráðherra til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, afrit á ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og viðskiptaráðherra, dags. 20. ágúst 2008 kl. 11:29.
14. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til undirritaðrar, afrit á ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og staðgengill ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2008, kl. 11:49.
15. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til staðgengils ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, afrit á ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins og Ingimund Friðriksson seðlabankastjóra, dags. 29. september 2008, kl. 16:54.
16. Tölvupóstur frá staðgengli ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins til viðskiptaráðherra og ráðuneytisstjóra forsætis- og fjármálaráðuneytisins, dags. 5. október 2008 kl. 22:28, ásamt viðhengi.
17. Tölvupóstur frá ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til staðgengils ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, viðskiptaráðherra og ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, dags. 5. október 2008 kl. 23:02.
18. Tölvupóstur frá staðgengli ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins til viðskiptaráðherra, ráðuneytisstjóra forsætis- og fjármálaráðuneytis og ritara forsætisráðherra, dags. 5. október 2008 kl. 23:22.
19. Tölvupóstur frá staðgengli ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins til viðskiptaráðherra og ráðuneytisstjóra forsætis- og fjármálaráðuneytis, afrit á ritara forsætisráðherra, dags. 5. október 2008 kl. 23:45, ásamt viðhengi.

## Í framhaldi af fundinum á morgun.

Jónína S. Lárusdóttir til: Baldur Guðlaugsson 18.08.2008 12:20
Cc: Bolli Þór Bollason

Sælir.

Meðfylgjandi eru drög að yfirlýsingu í framhaldi af fundinum í morgun.

Bestu kveðjur
jsl

svar - maxwell - 18 agust.doc

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Dear Mr. Maxwell.

Your letter, dated August 7th 2008, has been further discusssed.

Regarding your question on what steps would be taken in the event that the Board of Directors of the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was unable to take out a loan from the commercial markets to raise the necessary funding and your request for a confirmation that the Icelandic authorities would provide the necessary loan in such circumstances to ensure all claimants received their full entitlement up to the compensation limit of 20.887 euro we can confirm that the Icelandic Government would do everything that any responsible government would do in such a situation.

The Government of Iceland would support the Central Bank of Iceland as a lender of last resort in case of serious crises. If payments from the Depositors' and Investors' Guarantee Fund are a fact the Government would assist the Fund in providing the necessary loan to ensure that all claimants would receive their full entitlement up to the compensation limit.

Furthermore we would like to point out that the Act on the Depositors' and Investors' Guarantee Fund is currently under review by the Ministry of Business Affairs. Funding and procedures are among the issues that are being examined. The current plan is to present a bill of law to this extent to the Parliament during the fall session that starts in October.

We do stress that the Government is aware of it‘s obligations under the EEA-agreement in relation to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund and will fullfill those obligations.

We hope that this answers your question. If you need further information or clarifications please do not hesitate to contact us again.

**Re: Í framhaldi af fundinum á morgun.**
Jónína S. Lárusdóttir to: Baldur Guðlaugsson 19.08.2008 09:07
Cc: Bolli Þór Bollason

Sæll Baldur.

Gerði annað áhlaup á bréfið. Sendi það meðfylgjandi. Vinsamlega athugaðu að bréfinu hefur almennt verið svarað - eftir stendur þessi spurning.

Bestu kveðjur
jsl

svar - maxwell - 18 agust - 2.doc

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR

| | | |
|---|---|---|
| **Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR** | To | Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR@NotesSTJR |
| 18.08.2008 18:22 | cc | |
| | Subject | Re: Í framhaldi af fundinum á morgun. |

Sæl Jónína

Ég vísa til samtals okkar nú síðdegis.

Það er vitaskuld ekki auðvelt að ákveða hvernig svara eigi umræddu bréfi, þ.m.t. að ákveða hvort svara eigi þeim spurningum sem settar eru fram í bréfinu lið fyrir lið, eða hvort bréfið eigi að vera á almennari nótum. Fljótt á litið sýnist mér að í drögunum sem þú sendir mér sé beint eða óbeint brugðist við þeim spurningum sem fram koma í liðum 2 og 5 í bréfinu, en hins vegar sé ekkert vikið að því sem um er spurt í liðum 1, 3, 4, 6 og 7 í bréfinu. Á margan hátt kann að vera heppilegra að þurfa ekki að svara bréfinu lið fyrir lið.

Ef sá póll er tekinn í hæðina að svara með almennum hætti, þá er spurning hvort nokkur ástæða sé til að vísa beint til einnar spurningar í bréfinu ( eins og gert er í drögunum að svarbréfinu ) sem síðan sé reynt að svara, en hinum sé hins aftur á móti í engu svarað. Allt eins virðist þá geta komið til greina að fjalla almennt um málið án þess að víkja beint að neinni þeirra spurninga sem fram koma í bréfinu.

Dæmi um útfærslu á svari sem alfarið væri á almennum nótum gæti verið að í svarinu yrði farið yfir það að lögin um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta hafi verið sett til innleiðingar á EES tilskipunum um innlánatryggingakerfi og um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, ekki hafi komið fram neinar athugasemdir ESA um að þau geri það ekki, en ljóst sé hins vegar að Ísland muni í hvívetna uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt EES samningnum. Nú standi yfir endurskoðun á lögunum í ljósi breyttra aðstæðna frá því að lögin voru sett (sbr texta í drögunum ). Síðan er spurning hvort minna hefði mátt á það að áhlaup á innstæður hefjist iðulega án þess að eiginfjárstaða fjármálafyrirtækis sé ófullnægjandi. Það geti sett viðkomandi innlánsstofnun í lausafjárvanda þótt hún hafi sterka eiginfjárstöð ( eins og gildi um íslensku bankana ). Í slíku tilviki hafi Seðlabankinn hlutverki að gegna og geti fyrirgreiðsla bankans orðið til þess að aldrei reyni á innstæðutryggingar. Ríkið muni styðja Seðlabankann ef slík tilvik koma upp og jafnframt styðja við bakið á Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta til þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar samkvæmt EES samningnum, gerist slíks þörf.

Kveðja

Baldur

-------------------------------------------------------------------

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri / Permanent Secretary
Fjármálaráðuneytið / Ministry of Finance
Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland
Sími 545-9200, fax 562-8280 / Tel. +354-545-9200, fax +354-562-8280
www.raduneyti.is / www.government.is

Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR

| | | |
|---|---|---|
| Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR | To | Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR |
| 18.08.2008 12:20 | cc | Bolli Þór Bollason/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR |
| | Subject | Í framhaldi af fundinum á morgun. |

Sælir.

Meðfylgjandi eru drög að yfirlýsingu í framhaldi af fundinum í morgun.

Bestu kveðjur
jsl

svar - maxwell - 18 agust.doc

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Dear Mr. Maxwell.

Reference is made to our discussions on 31 July last, your letter, dated 7 August 2008, in which you ask several questions on the Icelandic Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund. Also, we refer to our email of xx August, which included answers to your queries.

Regarding your question on what steps would be taken in the event that the Board of Directors of the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was unable to take out a loan from the commercial markets to raise the necessary funding and your request for a confirmation that the Icelandic authorities would provide the necessary loan in such circumstances to ensure all claimants received their full entitlement up to the compensation limit of 20.887 euro we can confirm that the Icelandic Government would do everything that any responsible government would do in such a situation.

Furthermore we would like to point out that the Act on the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was passed in 1998, as a measure to implement directive 94/19/EC on the same issue. The act is currently under review by the Ministry of Business Affairs, in light of the development in the financial sector in the last years. Funding and procedures are among the issues that are being examined. The current plan is to present a bill of law to this extent to the Parliament during the fall session that starts in October.

The Government of Iceland would support the Central Bank of Iceland as a lender of last resort in case of serious crises. If payments from the Depositors' and Investors' Guarantee Fund are a fact, and it is clear that the assets of the fund are not sufficient to meet the requirements of the act, the Board of Directors of the fund would seek a loan, in conformity with the provisions of the Act. The Government would assist the Fund in providing the necessary loan to ensure that all claimants would receive their full entitlement up to the compensation limit.

We do stress that the Government is aware of it‘s obligations under the EEA-agreement in relation to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund and will fullfill those obligations.

We hope that this answers your question. If you need further information or clarifications please do not hesitate to contact us again.

Stjórnin muni reyna að taka lán

**svar - maxwell - 18 agust - 4**
Jónína S. Lárusdóttir til: Baldur Guðlaugsson 19.08.2008 10:57

Sent skv. samtali.
Bestu kveðjur
j

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

- svar - maxwell - 18 agust - 4.doc

Dear Mr. Maxwell.

Reference is made to our discussions on 31 July last, your letter, dated 7 August 2008, in which you ask several questions on the Icelandic Depositors´ and Investors´ Guarantee Fund. Also, we refer to our email of 14 August, which included answers to your queries.

Regarding your question on what steps would be taken in the event that the Board of Directors of the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was unable to take out a loan from the commercial markets to raise the necessary funding. The Icelandic Government would do everything that any responsible government would do in such a situation, including assisting the Fund in raising the necessary loan, so as to be able to make payout up to the minimum compensation limit.

Furthermore we would like to point out that the Act on the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was passed in 1998, as a measure to implement directive 94/19/EC on the same issue. The act is currently under review by the Ministry of Business Affairs, in light of the development in the financial sector in the last years. Funding and procedures are among the issues that are being examined. The current plan is to present a bill of law to this extent to the Parliament during the fall session that starts in October.

The Government of Iceland would support the Central Bank of Iceland as a lender of last resort in case of serious crises.

We do stress that the Government is aware of it's obligations under the EEA-agreement in relation to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund and will fullfill those obligations.

We hope that this answers your question. If you need further information or clarifications please do not hesitate to contact us again.

**Re: Svar til breska fjármálaráðuneytisins**
Jónína S. Lárusdóttir to: Baldur Guðlaugsson 19.08.2008 14:00
Cc: Bolli Þór Bollason

Já, ég hélt þú ættir við málsgreinina um EES. Fínt mál, ég hef ekkert á móti því að kurteisisklásúlan fari út!
jsl

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.
Further information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR

**Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR**
19.08.2008 13:30

To Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR@NotesSTJR
cc Bolli Þór Bollason/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Subject Re: Svar til breska fjármálaráðuneytisins

Mér sýnist þú hafa misskilið mig, því ég var að tala um síðustu málsgreinina, ekki þá næst síðustu.

Baldur

Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR

**Jónína S. Lárusdóttir/VRN/NotesSTJR**
19.08.2008 13:28

To Baldur Guðlaugsson/FJR/NotesSTJR@NotesSTJR
cc Bolli Þór Bollason/FOR/NotesSTJR@NotesSTJR
Subject Re: Svar til breska fjármálaráðuneytisins

Sælir.

Ég tel að það sé vænlegra til árangurs að hafa þetta inn í bréfinu, þar sem skuldbindingar skv. EES borið á góma í umræðum um málið. Það styrkir bréfið að mínu mati. Enda segir setningin ekkert sem er umdeilt.

Bestu kveðjur

jsl

Jónína S. Lárusdóttir,
ráðuneytisstjóri/Permanent Secretary
viðskiptaráðuneyti/Ministry of Business Affairs
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 88 00.
Fax: + 354 511 1161.

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

